

KIRKJUGARÐARÁÐ

23. fundur haldinn mánudaginn 11. október 2004

í fundarherbergi Fornleifaverndar ríkisins að Suðurgötu 39 í Reykjavík.
Fyrir fundinn höfðu nýju sýningar Þjóðminjasafns Íslands verið skoðaðar í
boði og undir leiðsögn þjóðminjavarðar.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Smári Sigurðsson. Margrét Hallgrímsdóttir sat hluta fundarins. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð.

1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 15:45.

2. Frumvarp um breytingar á lögum um kirkjugarða

Þórsteinn fór yfir stöðu frumvarps um breytingar á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið lagði fram fyrir ríkisstjórnina fyrir skömmu. Fram kom að Þórsteinn Ragnarsson og Smári Sigurðsson gerðu athugasemdir við útreikninga ráðuneytisins. Ráðuneytið sendi Þórsteini drög að samningi vegna afhendingar fjármuna sem Kirkjugarðaráð fær umboð til að úthluta til kirkjugarðanna. Til stendur að ganga frá samningnum á miðvikudag/fimmtudag í ráðuneytinu. Var ákveðið að Þórsteinn sendi samning og frumvarpsbreytingar til nefndarmanna í Kirkjugarðaráði og að þeir sendu honum athugasemdir ef einhverjar væru. Ákveðið var að Ragnhildur og Þórsteinn færu á fundinn í ráðuneytinu vegna samningsins og ræddu þar jafnframt þau atriði sem þau teldu nauðsynlegt að breyta í frumvarpinu.

3. Erindi frá Hofi í Vopnafirði

Framkvæmdastjóri kynnti erindi frá Hofi í Vopnafirði um hvort ráðið gæti skrifað upp á skuldabréf vegna bankaláns sem safnaðarstjórnin ætlaði að taka vegna framkvæmda við kirkjugarðinn. Ætlunin var að lánið brúaði bilið þar til söfnuðurinn fengi styrk úr Kirkjugarðasjóði sem veitt hafði verið vilyrði fyrir. Safnaðarstjórnin gat fengið betri vaxtakjör gegn slíkri undirskrift. Vilyrði fyrir láni nægði ekki. Formaður benti á að Kirkjugarðaráð hefði ekki heimild til að skrifa undir skuldabréf vegna lána sem veitt hafa verið vilyrði fyrir. Var framkvæmdastjóra falið að tilkynna sóknarnefndarformanninum að Kirkjugarðaráð hefði ekki heimild til að rita undir slík skuldabréf.

4. Önnur mál

- Smári lagði fram fyrirspurn um hver staðan væri í siðareglanamáli varðandi útfaraþjónustur. Svar formanns var að Kirkjugarðaráð hefði ítrekað beiðni til dóms- og kirkjumálaráðherra um að slíkar reglur verði unnar.

- b) Smári lagði fram fyrirspurn um það hver staða mála væri varðandi skiptingu á greiðslu kirkjugarða og sveitarstjórna vegna framkvæmda við kirkjugarða. Samkvæmt svari formanns eru drögin sem Hirti var falið að skrifa tilbúin. Ákveðið að Valtýr læsi drögin yfir og kæmi með athugasemdir.
- c) Formanni var falið að rita þóknunarbréf vegna væntanlegra breytinga í ráðinu.
- d) Kristín greindi frá því að ekki hefði verið tryggð staða hjá Fornleifavernd ríkisins fyrir aðila sem fæst við skráningu minningarmarka í kirkjugörðum. Slík staða var efst á lista í fjárbeiðnum Fornleifaverndar ríkisins fyrir árið 2005. Kristín greindi jafnframt frá því að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir alþingismaður hefði haft samband við Fornleifaverndina þar sem hún hefði ákveðið að vera með fyrirspurn á þingi vegna þessa máls.
- e) Kristín greindi frá því að haft hefði verið samband við Fornleifavernd ríkisins vegna forns kirkjugarðs sem er í Glerárhverfi á Akureyri. Þar við er jarðefnanáma og höfðu vinnuvélar mokað hluta kirkjugarðsins upp nýlega. Fornleifavernd ríkisins mun gera þá kröfu að garðurinn verði rannsakaður á kostnað framkvæmdaaðila.

Fundi slitið kl. 17:00.

Ragnildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín H. Sigurðardóttir,
ritari